Birgir Ísl. Gunnarsson, borgarstjóri:

Minnihlutaflokkar vilja auka álögur á atvinnureksturinn

— þótt könnun fari fram á því hvers vegna mörg iðnfyrirtæki hafi flutt starfsemi sína brott frá Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur í gær var fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 1977 tekin til síðari umræðu. Birgir Ísl. Gunnarsson, borgarstjóri, gerði grein fyrir breytingartillögum við fjárhagsáætlunina með ræðu sem hér fer á eftir í heild:

Á fundi borgarstjórnar 16. desember s.l. var samþykkt að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlunar borgarsjóðs og stofnana hans fyrir árið 1977 fram til síðari fundar í janúar.

Frv. að fjárhagsáætlun liggur nú fyrir til síðari umræðu og afgreiðslu borgarstjórnar ásamt brtt., sem fram koma í fundargerð borgarráðs frá 18. þ.m. Ég mun nú í aðalatriðum gera borgarstjórn grein fyrir þeim brtt., sem bókaðar eru í 24. lið fundargerðarinnar, svo og tillögum, sem vísað var til afgreiðslu borgarstjórnar og bókaðar eru í 25., 26. og 27. lið fundargerðarinnar.

Vík ég þá fyrst að áætlun um rekstrartekjur borgarsjóðs. Tillögurnar fela í sér hækkun á þeim um kr. 287.9 millj. og áætlast rekstrartekjur borgarsjóðs alls þannig breyttar kr. 10 milljarðar 239.1 milljón og er það 30.6% hækkun frá fjárhagsáætlun 1976.

Áætlunartala útsvara í frv. var byggð á spá um hækkun á bruttótekjum gjaldenda í Reykjavík milli áranna 1975 og 1976 um 27% og 1% fjölgun gjaldenda. Eins og ég gat um í ræðu hér í borgarstjórn við framlagningu frumvarpsins gaf áætlun Þjóðhagsstofunnar þó tilefni til, að hækkun á meðalbruttótekjum einstaklinga væri áætluð nokkuð hærri milli tekjuáranna 1975 og 1976, eða um allt að 30%, og er breytingartillagan miðuð við þá hækkun. Við framlagningu frumvarpsins 2. desember s.l. tók ég einnig fram, að reiknað væri með, að notuð yrði heimild í 3. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga um álög á útsvör allt að 10%, en sú hækkun er háð samþykki ráðherra. Hafði félagsmálaráðherra látið þess getið í samtali við mig, að reikna mætti með samþykki hans fyrir 10% álaginu. Útsvarsfjárhæðin er að þessu leyti miðuð við, að á þessu ári verði fylgt sömu álagningarreglum og fylgt var á s.l. ári og verður þannig ekki um hlutfallslega hækkun að ræða fyrir gjaldendur í Reykjavík. Um þetta efni er gerð bókun í 26. lið fundargerðar borgarráðs frá 18.þ.m.

Áætlun um hækkun á kvöldsöluleyfum úr kr. 1.0 millj. í 4.8 millj. er tengd tillögu, sem bókuð er í 27. lið fundargerðar borgarráðs frá 18.þ.m., en breytingin felur í sér, að fyrir kvöldsöluleyfi skuli greiða kr. 50 þús. á ári í stað kr. 10 þús., en það gjald hefur verið óbreytt allt frá árinu 1963. Auk þess er gjalddaga breytt frá 15. janúar til 15. febrúar ár hvert. Hér er að vísu um reglugerðarbreytingu að ræða, sem vísa verður til síðari umræðu í borgarstjórn og síðan að öðlast staðfestingu ráðherra, en eðlilegt virðist að gera ráð fyrir samþykkt hennar við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar.

Framlag úr Jöfnunarsjóði hækkar um 53.0 millj. kr. og er þá miðað við endanlegar tekjuáætlunartölur í fjárlögum fyrir árið 1977.

Áætlun um aðstöðugjöld var miðuð við óbreytta gjaldskrá og spá um 30% hækkun á aðstöðugjaldsstofni milli ára. Við nánari athugun hefur komið í ljós, að óhætt muni vera að reikna með meiri hækkun á aðstöðugjaldsstofninum og er breytingartillagan miðuð við 34% hækkun, en að öðru leyti við óbreytta gjaldskrá, svo sem bókun í 25. lið fundargerðar borgarráðs frá 18.þ.m. ber með sér. Í þessu sambandi og vegna breytingartillögu, sem borgarfulltrúar minnihlutaflokkanna flytja um þennan tekjulið, vil ég minna á, að samkvæmt yfirliti yfir nýtingu aðstöðugjalda hjá 32 sveitarfélögum á árinu 1975, sem unnið var á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, var nýting aðstöðugjalda í Reykjavík á því ári 89.2%, í öðrum kaupstöðum 86.8% að meðaltali og í sveitarfélögum eða hreppsfélögum með þéttbýliskjörnum reyndist nýtingin vera 68.5%. Þetta yfirlit sýnir, að nýting þessa tekjuliðar hefur ekki verið óeðlilega lítil í Reykjavík miðað við nýtingu hans í öðrum sveitarfélögum, svo sem borgarfulltrúar minnihlutans hafa árum saman viljað gefa í skyn. Ný flytja þeir enn tillögu um, að Borgarstjórn Reykjavíkur gangi mun lengra í þessum efnum en almennt gerist hjá öðrum sveitarstjórnum og fullnýti þennan tekjustofn og það þrátt fyrir að borgarráð hafi nýverið samhljóða talið ástæðu til að kanna sérstaklega ástæður fyrir því, að mörg iðnaðarfyrirtæki hafa á s.l. árum flutt starfsemi sína brott frá Reykjavík.

Áætlun um tekjur af gatnagerðargjöldum er hækkuð um 21.6 millj. í samræmi við nýja útreikninga og með hliðsjón af þeim lóðum, sem vitað er að unnt verður að úthluta á þessu ári.

Loks eru tekjur vegna dráttarvaxta hækkaðar um kr. 50.0 millj., eða í sem næst svipaða fjárhæð og áætlað er að dráttarvaxtatekjur borgarsjóðs verði á árinu 1976. Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram, að þróun þessara mála er ekki hagstæð fyrir borgarsjóð, þar sem dráttarvaxtatekjurnar standa í öfugu hlutfalli við innheimtuhlutfall álagðra gjalda.

Eins og ég gat um áður nema samanlagðar hækkanir á tekjuliðum samkvæmt brtt. í 24. lið fundargerðarinnar kr. 287.9 millj. og mun ég nú gera grein fyrir því í aðalatriðum, hvernig áætlað er að þeim verði ráðstafað gjaldamegin.

Gjöld á rekstrarreikningi borgarsjóðs hækka um 277.5 millj. kr. en gjöld á eignabreytingareikningi um 10.4 millj., eða samtals um sömu fjárhæð og tekjuhækkunin nemur, kr. 287.9 millj.

Hækkunum á rekstrarreikningi má skipta í þrjá aðalflokka.

Í fyrsta lagi nema lögbundnar og aðrar óhjákvæmilegar hækkanir, kr. 208 millj. 613 þús., þar af vegna hækkunar kaupgjaldsvísitölu kr. rúmlega 119 millj. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að sé reiknað með 2.5% hækkun á kaupgjaldi hinn 1. marz n.k. vegna rauðastriksins svonefnda, verður útgjaldaauki borgarsjóðs á ársgrundvelli rúmlega kr. 66.0 millj. Þá verður einnig að reikna með, að kaupgjaldsvísitalan muni hækka nokkuð 1. júní n.k., en það er einnig viðmiðunartími svonefnds rauðs striks gagnvart kjarasamningum opinberra starfsmanna. Af öðrum helztu hækkunarliðum, sem hér voru flokkaðir, má nefna tæplega kr. 20.8 millj. til að mæta rekstrarhalla dagheimila og leikskóla á árinu 1976, kr. 8.5 millj. vegna nýrrar lagasetningar um framlag í bjargráðasjóð og kr. 57.0 millj. hækkun á framlagi til Sjúkrasamlags Reykjavíkur og er þá stuðst við nýja áætlun frá samlaginu um útgjöld þess á árinu. Í þessu sambandi er þó rétt að nefna, að aukning á hlutdeild sveitarsjóða í rekstrarkostnaði skjúkrasamlaga úr 10 í 15% samkvæmt ný-settum lögum, en hlutfallið var hækkað vegna breytinga á uppsetningu fjárlaga að því er tekur til ríkisspítalanna, mun ekki út af fyrir sig leiða til kostnaðarauka fyrir borgarsjóð á þessu ári.

Í öðru lagi má flokka hækkanirnar í tillögur um aukna starfsemi eð a nýja þjónustu af hálfu borgarinnar og nema þær hækkanir rúmlega kr. 26.5 millj. Í þessu sambandi má nefna hækkun á framlagi til tómstundastarfs í hverfum, sbr. álitsgerð samstarfsnefndar fræðsluráðs og æskulýðsráðs um aukið tómstunda- og skemmtanastarf í skólum borgarinnar, en sú álitsgerð var rædd á fundi borgarstjórnar 16. des. s.l, kr. 4.0 millj. samtals til starfsemi útideildar unglinga á vegum æskulýðsráðs og félagsmálaskrifstofu, en tilraun með þessa starfsemi var gerð á liðnu sumri og hafa viðkomandi ráð eindregið lagt til, að henni verði haldið, nokkuð aukin staðsemi á ýmsum deildum Heilsuverndarstöðvarinnar og þ.m.t. áætlaður kostnaður vegna bólusetningar við heilahimnubólgu, en þessar fjárhæðir eru nánar sundurliðaðar í tillögunum, hækkun á fjárveitingu til vinnumiðlunar í því skyni að skipulögð verði sérhæfð vinnumiðlun á vegum Ráðningarstofunnar fyrir öryrkja, sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 18. marz s.l., svo og kr. 10 millj. til sérstaks viðhalds á Miðbæjarskólanum, en sú skylda hlýtur að hvíla á borgaryfirvöldum sérstaklega að sjá til þess, að húseignum borgarinnar, sem ákveðið hefur verið að vernda, verði sómasamlega við haldið.

Í þriðja lagi má síðan flokka hækkanir á ýmsum styrkjaliðum, sem samtals nema um 42.3 millj. kr. Hér er um að ræða margvíslega styrki til frjálsrar félagastarfsemi og skal ég aðeins gera stærstu þeirra hér að umtalsefni. Til íþróttastarfsemi, þ.e. styrkir til íþróttafélaga í borginni, sem úthlutað er samkv. tillögum Í.B.R., hækka úr 37.5 millj. í 50 millj. kr. Skátaheimili í Reykjavík hækka úr 2.5 millj í 7.5 millj. kr., þar af hluti vegna byggingar skátaheimilis við Sólheima. Félag einstæðra foreldra hækkar úr 1.0 millj. í 6.0 millj. kr., en þar er aðallega um að ræða framlag vegna breytinga á húsi, sem félagið hefur keypt og er að innrétta þar íbúðir fyrir einstæða foreldra. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um, hvort það verður í formi láns eða styrks. A.A. samtökin fá styrk að fjárhæð 3.0 millj. kr. til endurbóta á húsnæði, sem félagið á kost á að fá fyrir starfsemi sína. Framlag til kirkjubyggingarsjóðs er hækkað úr 13 millj. í 18 millj. og framlag í Orlofsheimilasjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar úr 2.0 millj. í 3.0 millj. kr. Eins og fyrr segir er hér um að ræða marga fleiri styrkjaliði með mun smærri fjárhæðum á hvern lið og sé ég ekki ástæðu til að gera þeim tillögum frekari skil, nema sérstakt tilefni gefist til.

Eins og ég sagði áðan hækka gjöld á eignabreytingareikningi um 10.4 millj., annars vegar er hér um að ræða samræmingu við framlag ríkissjóðs til byggingar sjúkrastofnana eins og það var ákveðið á fjárlögum, en frv. hafði reiknað með kr. 5.4 millj. hærri fjárveitingu. Hins vegar er um að ræða 5.0 millj. kr. hækkun á framlagi til Kjarvalsstaða, en í sambandi við lausn á deilumáli varðandi notkun og rekstur Kjarvalsstaða í desember 1975 og var með því reiknað, að Reykjavíkurborg myndi kaupa eignarhlut listamanna í húsinu.

Ég hef hér lokið við að gera grein fyrir brtt. er varða fjárhagsáætlun borgarsjóðs og áður en vikið verður að þeim öðrum brtt., sem lagðar eru fram í 24. lið fundargerðar borgarráðs frá 18. þ.m. vil ég sérstaklega taka fram, að frv. að fjárhagsáætlun eins og það liggur nú fyrir ásamt þeim brtt., sem ég hef gert grein fyrir, er miðuð við verðlag og kaupgjald eins og það nú er ákveðið, þó með þeim frávikum, er ég áður greindi, varðandi rauðu strikin svonefndu. Ég vil því taka fram, að verði á árinu um verulegar breytingar að ræða á verðlags- eða kaupgjaldsmálum hlýtur borgarstjórn að standa andspænis því að þurfa að taka fjárhagsáætlunina upp til endurskoðunar og breytingar í samræmi við hugsanlega þróun mála. Það er þó einnig jafnljóst, að borgarsjóður getur ekki nú á næstu vikum eða mánuðum meðan ekki er vitað hvaða stefnu þessi mál kunna að taka ráðstafað öllu framkvæmdafé ársins eins og það nú er áætlað.

Tvær veitustofnanir borgarinnar, Hitaveitan og Rafmagnsveitan, fengu ekki þá afgreiðslu á tillögum borgarstjórnar um gjaldskrárbreytingar, sem frv. að fjárhagsáætlunum þeirra höfðu verið miðaðar við. Er því nauðsynlegt að gera á þessu leiðréttingar.

Sótt hafði verið um 15% hækkun á gjaldskrá Hitaveitunnar frá 1. þ.m. en samþykki stjórnvalda fékkst fyrir 10% hækkun. Af þessu leiðir, að tekjur Hitaveitunnar eru of hátt áætlaðar í frv. um kr. 92 millj. Endanleg afstaða hefur ekki verið tekin til þess, hvaða framkvæmdum á vegum Hitaveitunnar verður að fresta á þessu ári af ofangreindum sökum. Fyrirhuguð hafði m.a. verið bygging geymis á Hnoðraholti norðan við Vífilsstaði til miðlunar fyrir hitaveitusvæðið í heild á sama hátt og geymarnir á Öskjuhlíð hafa verið notaðir. Með því að fresta byggingu þessa geymis er tekin nokkur áhætta á að geta ekki fullnýtt Reykjavatnið á næsta vetri við verstu aðstæður.

Í frv. að fjárhagsáætlun Rafmagnsveitunnar hafði verið reiknað með 10% hækkun án tillits til hækkananá verði raforku frá Landsvirkjun. Í eigin þágu fékk Rafmagnsveitan hins vegar samþykkta gjaldskrárhækkun, sem nam 6.87%. Lækkar því rekstrarafgangur Rafmagnsveitunnar til eignabreytinga frá fyrri áætlun. Við þetta bætist, að í frv. að fjárhagsáætlun hafði verið gert ráð fyrir að raforkusala myndi aukast um 5.4%, sem var meðaltals aukning síðustu ára. Uppgjör fyrir árið 1976 sýnir hins vegar, að raforkusala hefur aðeins aukizt um 4.75% og er því í brtt. spám um orkusölu og tilsvarandi orkukaup á árinu 1977 breytt til samræmis við það, þar sem ekki þykir rétt að reikna með meiri aukningu á raforkusölu á árinu 1977 en varð á liðnu ári.

A fjárhagsáætlun Rafmagnsveitunnar eru einnig gerðar tillögur um breytingar þar sem nokkrum viðhalds- og nýbyggingarverkum varð ekki lokið fyrir áramót og flytjast þau því yfir á áætlun þessa árs, en samsvarandi rýrnun verður þá í sjóðsstöðu og byrgðum á þessu ári. Þá liggja einnig fyrir nýjar upplýsingar um framkvæmdaáform sveitarfélaga á orku-

Framhald á bls 22.